

inn 400 kr. eins og stefnandi hefir krafizt hans í sátta-
kærinni, rjskj. 2.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að
greiða stefnandanum 8400 kr. ásamt 5% ársvöxtum af
þeirri upphæð frá 7/9 1930 til greiðsludags, svo ber og að
dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað er
virðist hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Föstudaginn 10. nóv. 1933.

Nr. 97/1933. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Ragnars (Eggert Claessen).

Bifreiða- og áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. ág. 1933: Kærði,
Jón Ragnars, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi
einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki
greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og æfilangt sviftur ökuleyfi sínu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum
áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann,
þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá
birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað
sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækj-
anda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutn-
ingsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts
Claessen, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerths Claessens, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnars, verzlunarmanni, til heimilis á Lindargötu 4, hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru mála-vextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 12. þessa mánaðar klukkan um 10 síðdegis ók kærði bifreiðinni R. E. 746 að Hótel Borg hér í bænum, þar sem hann stöðvaði bifreiðina og fór inn. Á veitingahúsinu drakk hann einn úr einni flösku af Vermouth, og var hann því orðinn mikið drukkinn, er hann klukkan 11,30 fór út af veitingahúsinu. En þrátt fyrir það fór hann í bifreiðina, sem allan tímann hafði staðið í Pósthússtræti, og ók henni af stað norður götuna, en varð það þá á, að vinstra framhjól bifreiðarinnar rann upp á gangstéttina við Austurvöll og nam hún þar staðar. Komu þá þarna að tveir af lögregluþjónum bæjarins og hindruðu frekari akstur af hendi kærða, er þeir sáu í hvaða ástandi hann var.

Kærði var á Akureyri hinn 12. ágúst 1930 sektaður um 150 kr. fyrir að aka bifreið ölvaður og próflaus, með þeim afleiðingum, að stórtjón varð á bifreið þeirri, er hann ók, en hefir ekki oftart sætt refsingu svo kunnugt sé.

Samkvæmt framangreindu, er það upplýst, að kærði hefir umrætt skipti verið ölvaður á almannafæri, og varð-

ar það brot hans við 16. gr. áfengislaganna og 7. gr. lög-reglusamþykktarinnar, að hann ók bifreiðinni RE 746 í þessu ástandi, og varðar það brot hans við 5. gr. 4. mgr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna, og að hann lét framangreinda bifreið standa óhreyfða um hálfra klukkustund í Pósthússtræti, og varðar það við 15. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þykir refsing kærða fyrir þessi brot hans samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna, 36. gr. áfengislaganna og 69. gr. lögreglusamþykktarinnar, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá verður og samkvæmt 5. gr. bifreiðalaganna og 20. gr. áfengislaganna, að svifta kærða æfilangt ökuleyfi sinu, með því að brot hans, að því er það snertir, að aka bifreið í ölvunarástandi, er nú itrekað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. nóv. 1933.

Nr. 178/1932. **Pétur Sveinsson** (Pétur Magnússon)

gegn

Ágústu Guðmundsdóttur.

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreluréttar Reykjavíkur 8. júní 1932: Kærður, Pétur Sveinsson, skal teljast faðir að fóstri því, er kærandi Ágústa Guðmundsdóttir, gengur nú með, svo greiði hann væntanlegt meðlag með barninu og barns-fararkostnað og styrk til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds, þá og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var höfðað í héraði samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921 og gekk dómur